

## **Vorönn 2011**

**Áfangi:** ÍSL 204 – Bókmenntir, mál- og menningarsaga

**Undanfari:** ÍSL 103

**Kennari:** Ásdís Haraldsdóttir - asdis@menntaborg.is

**Áfangalýsing:** Í áfanganum er fjallað um sögu tungumálsins, uppruna þess og þróun. Nemendur kynnast norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Nemendur fá þjálfun í munnlegri tjáningu og ritun, helstu aðferðum við meðferð heimilda og notkun upplýsingatækni við flutning og frágang verkefna.

### **Markmið:**

Að nemendur:

- Kynnist fornum hugmyndaheimi norrænna manna, helstu goðum og sögum af þeim.
- Þekki sögu íslenskrar tungu frá upphafi til okkar daga, helstu einkenni hennar og tengsl við önnur tungumál
- Fái innsýn í meginatriði íslenskrar málstefnu og velti fyrir sér orðasmið og merkingu orða og orðasambanda.
- Dýpki skilning sinn á bókmenntahugtökum, svo sem sjónarhorni, persónusköpun, tíma, umhverfi, stílbrögðum o.fl. og geti notfært sér þau í umfjöllun um kjörbók.
- Efli færni sína í ritun heimildaritgerða, stafsetningu, framsetningu og notkun upplýsingatækni í verkefnavinnu.
- Geti sett mál sitt skipulega fram, munnlega og skriflega, notað heimildir og umgengist þær á viðeigandi hátt.

### **Kennslugögn:**

**Guðirnir okkar gömlu.** Höfundur: Sölvi Sveinsson. Ásamt Snorra-Eddu í útgáfu Guðrúnar Nordal. Bjartur. Reykjavík 2006.

**Íslensk málsaga.** Höfundur: Sölvi Sveinsson. Mál og menning. Reykjavík 2008.

**Handbók um ritun og frágang.** Höfundar: Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 9. útgáfa. Mál og menning 2006.

### **Kjörbók eftir íslenskan höfund**

#### **Námsmat:**

Rannsóknarritgerð um efni Snorra-Eddu 25%

Ritdómur um kjörbók og kynning 25%

Munnleg og skrifleg verkefni og próf 25%

Umræður, jafningjamat, sjálfsmat, verklag, þátttaka 25%